



SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTA

GREINARGERÐ UM FRAMVINDU SAMNINGA OG RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA
2023

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL
SEPTEMBER 2024



BYGGÐASTOFNUN

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2023.
September 2024
Útgefandi: Byggðastofnun, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkrókur
Netfang: postur@byggdastofnun.is
Veffang: www byggdastofnun.is
Ábyrgð: Sigríður K. Þorgrímsdóttir
ISBN 978-9935-518-07-1
© 2023 Byggðastofnun

EFNISYFIRLIT

Samantekt	1
Sóknaráætlanir landshlutanna til framtíðar	2
1. kafli Sóknaráætlanir landshluta	4
2. kafli Fjárframlög til samninga	5
3. kafli Samráðsvettvangar landshluta	8
4. kafli Áhersluverkefni landshluta	10
5. kafli Uppbyggingarsjóðir landshluta	13
sóknaráætlanir einstakra landshluta	19
Lokaorð	20
Viðauki 1: Landshlutasamtök sveitarfélaga	21
Viðauki 2: Ný áhersluverkefni árið 2023	22

TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjárhæð til sóknaráætlanasamninga	5
Tafla 1a. Samanburður heildarfjárframlaga árin 2022 og 2023	6
Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga	6
Tafla 2a. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga árin 2022 og 2023	7
Tafla 3. Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum	8
Tafla 4. Áhersluverkefni landshluta	10
Tafla 5. Upplýsingar um umsóknir / styrki	13
Tafla 5a. Samanburður upplýsinga um umsóknir / styrki árin 2022 og 2023	14
Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa	15
Tafla 6a. Kyn umsækjenda / styrkhafa, samtals	16
Tafla 7. Atvinnugreinaflokkun umsókna	17
Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun styrkja	17

Í þessari greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra árið 2023. Auk þess er gerður samanburður milli ára 2022 og 2023, sem og samanburður milli landshluta. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins. Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL

Á árinu 2023 var stýrihópurinn þannig skipaður:

Innviðaráðuneyti

Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður

Dómsmálaráðuneyti

Elísabet Linda Þórðardóttir, Kristrún Friðriksdóttir tók hennar sæti í september

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Eva Magrét Kristinsdóttir

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Anna Borgþórsdóttir Olsen

Forsætisráðuneyti

Pétur Berg Matthíasson, Daníel Svavarsson tók sæti hans í október

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

Þórarinn Sólmundarson

Heilbrigðisráðuneyti

Bryndís Þorvaldsdóttir

Matvælaráðuneyti

Bryndís Eiríksdóttir

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Baldur Þórir Guðmundsson

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Hafþór Einarsson

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Magnús Örn Agnesar Sigurðarson

Utanríkisráðuneyti

Andri Júlíusson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Valgerður Rún Benediktsdóttir

ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Byggðastofnun

Reinhard Reynisson

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Berglind Kristinsdóttir SSS, Albertína F. Elíasdóttir SSNE tók sæti hennar í september.

VERKEFNISSTJÓRI

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun

SAMANTEKT

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir sem byggja á samstöðu heimamanna í hverjum landshluta um framtíðarsýn, markmið og val á leiðum til að sóknaráætlanir nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum.

Frá árinu 2013 hefur ríkið gert samninga um sóknaráætlanir við landshlutasamtök sveitarfélaga í öllum átta landshlutunum. Markmið með samningum er að stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðaðróun, treysta stóðir menningar og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Jafnframt er það markmið að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Heildarfjármunir til sóknaráætlana árið 2023 var tæplega 1,1 milljarður króna og stærstur hluti þeirra fjármuna kom frá ríkinu.

Fjármunir sóknaráætlana renna fyrst og fremst í tvo farvegi. Annars vegar sérstök áhersluverkefni og hins vegar til uppbyggingarsjóða sem eru samkeppnissjóðir. Á árinu 2023 var unnið að samtals 69 áhersluverkefnum og nam framlag til þeirra tæplega 368 milljón króna. Alls hlutu 532 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðunum, samtals að fjárhæð tæpar 447,5 milljónir króna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum frá öllum ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Innviðaráðherra skipaði nýjan stýrihópur í júní 2021 til þriggja ára. Hlutverk stýrihópsins er m.a. að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki. Þá er það hlutverk stýrihópsins að styðja landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð og framkvæmd sóknaráætlana landshluta.



Albertína F. Elíasdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra:

SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTANNA TIL FRAMTÍÐAR

Þegar hugmyndin um sóknaráætlanir landshlutanna kom fyrst fram voru uppi ýmsar efasemdaraddir um hugmyndafræðina og getu þeirra til að hafa raunveruleg áhrif á íbúa um land allt. Raunin hefur þó orðið sú að með sóknaráætlunum landshlutanna hefur traust vaxið – innan og á milli landshluta, á milli ríkis og sveitarfélaga, og innan Stjórnarráðsins.

Sóknaráætlunum var ætlað að skapa farveg fyrir fjármagn og tækifæri til uppbyggingar um allt land, þar sem heimafólki var treyst til þess vinna faglega og úthluta fjármunum til þeirra verkefna sem það hafði trú á til uppbyggingar í landshlutanum. Þannig var valdið að nokkru leyti flutt frá Reykjavík og út í landshlutana sem var risastórt skref í byggðamálum á Íslandi. Fyrst um sinn var þetta vissulega gert nokkuð varfærnislega þar sem ráðuneytin vildu hafa eitthvað um verkefnavalið að segja, en í dag er verkefnavalið meira og minna hjá landshlutasamtökunum – nær íbúunum sjálfum – þar sem þekking á aðstæðum hvers landshluta er mest.

Með sóknaráætlunum landshlutanna koma íbúar hvers landshluta sér saman um sameiginlega framtíðarsýn fyrir landshlutann og aðgerðir sem gagnast til að ná árangri til framtíðar. Því má segja að í hugmyndinni um sóknaráætlanir landshlutanna hafi einnig falið viðurkenning á því að landshlutarnir eru ekki allir eins og ólík verkefni og ólíkar áherslur sem henta á hverjum stað. Landshlutarnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir, þó auðvitað sé einnig margt sameiginlegt, og eðlilegt að horft sé til þess að ekki sé til einhver ein lausn á byggðamálum sem virkar fyrir alla. Í gegnum árin hafa þessar áætlanir svo þróast og taka þannig mið af áskorunum nútímans hverju sinni og laga sig að breyttum þörfum íbúanna.

Stuðningur sóknaráætlana við atvinnulíf landshlutanna hefur skipt miklu máli en með því að stuðla að nýsköpun, frumkvöðlastarfi og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi hefur ekki aðeins verið stutt við staðbundið efnahagslíf hvers landshluta heldur stuðlað að efnahagslegri uppbyggingu Íslands í heild. Þá hefur stuðningur sóknaráætlana landshlutanna einnig haft mikil áhrif á menningu og skapandi greinar um land allt, auk þess sem aukin áhersla á umhverfismál í síðustu áætlunum hefur skilað sér í uppbyggingu fyrirmyndar umhverfisverkefna um land allt. Þó það sé ef til vill of sterkt til orða tekið þá vil ég halda því fram að sóknaráætlanir landshlutanna hafi stuðlað að samfélagslegri samheldni og heilt yfir stutt við uppbyggingu sterkari og líflegri samfélaga um land allt.

Vinna við sóknaráætlanir landshlutanna er auðvitað ekki án áskorana. Virk þátttaka bæði stjórnvalda og heimafólks er nauðsynleg til að sigrast á áskorunum og nýta tækifærin til fulls. Fjárhagslegar takmarkanir og pólitískir þættir eru líklega stærstu hindranirnar. Einkum er mikilvægt að stjórnvöld átti sig á því dýrmæta verkfæri sem sóknaráætlanir landshlutanna eru og leggi til aukna fjármuni til þeirra. Þá væru mikil tækifæri fólgin í því að fleiri ráðuneyti myndu horfa til þess að nýta sóknaráætlanir landshlutanna, bæði fyrir verkefni þeirra ráðuneyta og til eflingar sóknaráætlana. Þannig mætti efla landshlutana til framtíðar og tryggja að allir íbúar landsins njóti góðs af vexti og framförum.

Það er til mikils að vinna nú þegar við stöndum frammi fyrir því verkefni að þróa nýjar sóknaráætlanir landshlutanna fyrir næstu fimm árin. Þessar nýju áætlanir munu auðvitað byggja á fyrri árangri, en einnig vonandi innleiða nýjar leiðir sem miða þá að því að auka samkeppnishæfni, sjálfbærni og lífsgæði á hverju svæði fyrir sig. Þannig eru landshlutasamtök um allt land nú í umfangsmikilli vinnu sem snýr að samráði við íbúa, atvinnulíf og sveitarstjórnarfólk. Það er erfitt að segja á þessum tímapunkti hver niðurstaða þeirrar vinnu verður í hverjum landshluta fyrir sig, en það er mín von að þetta verði bestu sóknaráætlanirnar fram að þessu og við munum sjá þær skila enn meiri árangri en áður.

1. KAFLI SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

Með lögum nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlanir var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana landshluta fest í sessi. Með lögum nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála var ákvæði um sóknaráætlanir flutt yfir í sveitarstjórnarlögin og standa þar óbreytt. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að vinna sóknaráætlanir á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaaætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta. Hlutverk Byggðastofnunar samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er að leggja mat á framvindu sóknaráætlana og hafa eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á miklu samstarfi þeirra sem að koma. Sóknaráætlanir eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga með það að markmiði að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna á forgangsroðun og ráðstöfun fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar sem ekki eru falin öðrum með lögum. Tilgangurinn er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna á sínum svæðum. Í tvígang hafa verið gerðar óháðar úttektir á framkvæmd sóknaráætlana landshluta. Fyrri úttektin var gerð árið 2014¹ og sú síðari árið 2019.²

Starf stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál tekur mið af þeirri skilgreiningu að byggðamál séu „öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta“.³ Byggðamál eru viðfangsefni allra ráðuneyta og ná til landsins alls. Verkefni stýrihópsins eru meðal annars að vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum, að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og samhæfa byggðamál að annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingarsjóða. Hver landshluti ákveður skiptingu fjárens á sínu svæði. Þá er heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir þar sem gerð er krafa um 50% mótframlag og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta þar sem eingöngu er veitt fjármagn til framkvæmdar áhersluverkefna en ekki til uppbyggingarsjóðs.

¹ www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/skyrsla_mat-a-framkvaemd-soknaraetlana_evris050914.pdf

² www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4ca231b1-765b-11e9-943c-005056bc530c

³ Þessa skilgreiningu á byggðamálum má meðal annars finna í erindisbréfi stýrihópsins, dags. 10. júní 2021.

2. KAFLI FJÁRFRAMLÖG TIL SAMNINGA

Skipting fjármuna til sóknaráætlana milli landshluta fer eftir reiknilíkani sem stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur til við ráðherra. Viðmiðin eru byggð á sex breytum sem eru íbúafjöldi, stærð og fjöldi vinnusóknarsvæða, atvinnuleysi, íbúapróun, meðalútsvarsstofn svæðis og fjarlægð frá höfuðborg.

TAFLA 1. HEILDARFJÁRHÆÐ TIL SÓKNARÁÆTLANASAMNINGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Framlög ríkisins	100.177.112	108.856.448	106.423.835	129.806.098	105.792.267	115.470.345	96.426.370	25.000.000	787.952.475
Viðaukasamningar, ríkið	20.000.000	10.000.000	17.500.000	19.550.000	51.400.000	15.000.000		20.000.000	153.450.000
Framlög sveitarfélaga	13.155.750	9.900.000	7.419.000	14.290.000	12.700.000	14.395.000	10.250.000	5.000.000	87.109.750
Önnur framlög				13.402.084				2.000.000	15.402.084
Flutt frá fyrra ári		1.000.000	11.385.259	2.244.000	1.700.000	7.510.791		14.014.195	37.854.245
Vaxtatekjur	4.327.513	882.210	1.702.670	2.008.568	343.189	1.736.364		682.012	11.682.526
Samtals:	137.660.375	130.638.658	144.430.764	181.300.750	171.935.456	154.112.500	106.676.370	66.696.207	1.093.451.080

Tafla 1 sýnir að fjárframlög árið 2023 til sóknaráætlanasamninganna átta námu rúmum 1.090 m.kr. Grunnframlög ríkisins, alls tæpar 788 m.kr.⁴, koma annars vegar frá innviðaráðuneytinu, 564 m.kr. og hins vegar frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu, 223,6 m.kr. Til viðbótar við grunnframlagið lagði ríkið tæpar 153,5 m.kr. til sjö landshluta með viðaukasamningum.

Varðandi þær fjárhæðir sem tilgreindar eru undir viðaukasamningum í töflu 1 voru 20 m.kr. á Vesturlandi vegna tveggja áhersluverkefna á sviði umhverfismála, „Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins“ og „Sjálfbær atvinnuþróun“, 5 m.kr. á Suðurlandi vegna Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og 10 m.kr. vegna „Loftslagsstefnu sveitarfélaga á Suðurlandi – greiningu áskorana og tækifæra, á Norðurlandi eystra voru rúmar 19,5 m.kr. vegna verkefnanna „Hitaveituvæðing í Grímsey“, „Gígur – uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir í Þingeyjarsveit“, „Orkubændur“ og „Líforkuver“ á Norðurlandi vestra voru 17,5 m.kr. sem voru annars vegar 10 m.kr. vegna verkefnisins Norðanáttar og hins vegar 7,5 m.kr. vegna C.1 verkefnisins, „Styrking innviða á Laugarbakka“, á Vestfjörðum voru 10 m.kr. vegna samnings við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um verkefnið „Kolefnishlutlausir Vestfirðir – vegvísir“ og á Austurlandi var 51,4 m.kr. ráðstafað þannig: 20 m.kr. í „Eflingu markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar“, 10 m.kr. í verkefnið „Austanátt“, 6,4 m.kr. til eflingar menningar á Seyðisfirði og 5 m.kr. framlag til hvernar menningarmiðstöðvar á Fljótsdalshéraði, Fjarðabyggðar og Skaftfells á Seyðisfirði. Á höfuðborgarsvæðinu runnu 20 m.kr. til tveggja verkefna á sviði umhverfismála, annars vegar 10 m.kr. til verkefnis tengt hringrásarhagkerfi og hins vegar 10 m.kr. til verkefnisins „Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins – innleiðing“.

Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru rúmar 87,1 m.kr. og eiga þau að mestu rætur að rekja til menningarsamninga sem voru í gildi til ársins 2014. Heimilt er að semja um framlög annarra⁵ til samninganna og var það gert á Norðurlandi eystra, rúmar 13,4 m.kr. og 2 m.kr. á höfuðborgarsvæðinu.

Tæplega 37,9 m.kr. var óráðstafað í árslok 2023 og flutt yfir á árið 2024, sem er heldur lægri fjárhæð en árið 2022. Tekjum og gjöldum sem tengjast sóknaráætlunum skal haldið aðskildum í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningum landshlutasamtaka og skulu vaxtatekjur fjármuna tilheyra

⁴ Ofan á þessa fjárhæð bætist 5 m.kr. frá innviðaráðuneytinu vegna umsjár sameiginlegrar umsóknargáttar uppbyggingarsjóða, en sú fjárhæð er ekki sett fram í töflum 1 og 2. Heildargrunnframlag er því 806,1 m.kr.

⁵ Um er að ræða mótframlag frá fyrirtækjum og stofnunum.

samningunum og færðar í ársreikninga þeirra. Vaxtatekjur námu samtals tæpum 11,7 m.kr.

TAFLA 1A. SAMANBURÐUR HEILDARFJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2022 OG 2023

	2023	2022	Breyting
Framlög ríkisins	787.952.475	801.148.712	-13.196.237
Viðaukasamningar	153.450.000	89.800.000	63.650.000
Framlög sveitarfélaga	87.109.750	84.478.250	2.631.500
Önnur framlög	15.402.084	4.493.637	10.908.447
Flutt frá fyrra ári	37.854.245	39.822.854	-1.968.609
Vaxtatekjur	11.682.526	904.126	10.778.400
Samtals	1.093.451.080	1.020.647.579	72.803.501

Tafla 1A sýnir að heildarráðstöfunartekjur samninganna átta hækkuðu samtals um rúmar 72,8 m.kr., fóru úr rúmum 1.020 m.kr. í rúmar 1.093 m.kr. sem er mikil breyting frá því milli árunna 2021-2022 þegar heildarfjárhæðin lækkaði um rúmar 79,1 m.kr. Munar hér mest um viðaukasamningana sem hækkuðu um rúmar 63,6 m.kr. milli ára, en höfðu lækkað um 79,5 m.kr. milli ára 2021-2022. Grunnframlag ríkisins lækkaði um tæpar 13,2 m.kr. milli ára sem er meiri lækkun en milli árunna 2021-2022 þegar sú fjárhæð lækkaði um tæpar 6,2 m.kr. Framlög sveitarfélaga hækkuðu um rúmar 2,6 m.kr., stóðu nánast í stað milli árunna 2021-2022. Fjárhæðin sem flutt var milli ára lækkaði um tæpar 2 m.kr., en hækkaði um tæpar 7,6 m.kr. milli árunna 2021-2022. Liðurinn „önnur framlög“ hækkaði um rúmar 10,9 m.kr. sem er mikil hækkun frá því milli árunna 2021-2022 þegar sú fjárhæð hafði lækkað um rúmar 2,5 m.kr. milli ára.

Hverjum landshluta er í sjálfsvald sett hvernig framlögum til sóknaráætlana er varið. Hámark er sett á umsýslukostnað. Þetta á ekki við um höfuðborgarsvæðið þar sem öll fjárhæðin rennur til áhersluverkefna.

TAFLA 2. RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Samtals
Áhersluverkefni	40.900.000	49.500.000	24.423.835	74.206.000	52.992.267	52.500.000	47.476.370	25.891.054	367.889.526
Uppbyggingarsjóður	53.980.000	34.800.000	65.252.030	59.680.750	51.900.000	74.612.500	40.900.000		381.125.280
Stofn- og rekstrarstyrkir	4.750.000	20.350.000	16.000.000	13.620.000	5.300.000	0	6.300.000		66.320.000
Viðaukasamningar	20.000.000	10.000.000	17.500.000	19.550.000	51.400.000	15.000.000		15.126.890	148.576.890
Umsýsla	12.000.000	11.000.000	12.000.000	12.000.000	10.000.000	12.000.000	12.000.000		81.000.000
Ráðstafað á fyrra ári		4.650.000							4.650.000
Óráðstafað 31.12.2023	6.030.375	338.658	9.254.899	2.244.000	343.189			25.678.263	43.889.384
Samtals:	137.660.375	130.638.658	144.430.764	181.300.750	171.935.456	154.112.500	106.676.370	66.696.207	1.093.451.080

Tafla 2 sýnir hvernig fjármunum var ráðstafað í hverjum landshluta á árinu 2023. Af heildar fjárhæðinni, rúmum 1.093 m.kr., runnu tæpar 367,9 m.kr. til áhersluverkefna og rúmar 381,1 m.kr. til uppbyggingarsjóða, auk þess sem sex landshlutar settu sérstök framlög í stofn- og rekstrarverkefni, samtals rúmar 66,3 m.kr. í gegnum sína uppbyggingarsjóði. Landshlutum er í sjálfsvald sett hvort þeir skilgreina slík verkefni sérstaklega en þau eiga rætur að rekja til gömlu menningarsamninganna og eru verkefnin því öll menningartengd. Samkvæmt samningunum er landshlutasamtökunum heimilt að nýta allt að 12 m.kr. í ári í umsýslu. Fimm landshlutar nýttu þá upphæð að fullu, en alls var 81 m.kr. varið í umsýslu árið 2023. Ekki er heimild fyrir umsýslukostnaði í framlagi til höfuðborgarsvæðisins.

TAFLA 2A. SAMANBURÐUR Á RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA ÁRIN
2022 OG 2023

	2023	2022	Breyting
Áhersluverkefni	367.889.526	372.571.326	-4.681.800
Uppbyggingarsjóður	381.125.280	374.267.611	6.857.669
Stofn- og rekstrarstyrkir	66.320.000	68.063.000	-1.743.000
Viðaukasamningar	148.576.890	89.800.000	58.776.890
Umsýsla	81.000.000	81.000.000	0
Ráðstafað á fyrra ári	4.650.000	12.650.000	-8.000.000
Óráðstafað 2023	43.889.384	22.295.642	21.593.742
Samtals	1.093.451.080	1.020.647.579	72.803.501

Hækkun fjármagns milli ára voru rúmar 72,8 m.kr., sem er talsverð breyting frá fyrri árum, en milli árana 2021-2022 lækkaði þessi fjárhæð um rúmar 91,7 m.kr. Framlög til áhersluverkefna lækkuðu samtals um tæpar 4,7 m.kr. milli ára. Framlög til uppbyggingarsjóða hækkuðu um rúmar 6,8 m.kr. en lækkuðu milli árana 2021 og 2022 um tæpar 21,5 m.kr. Framlög til stofn- og rekstrarstyrkja lækkuðu um rúmar 1,7 m.kr. en hækkuðu milli árana 2022 og 2022 um tæpar 14,5 m.kr. Óráðstafað fjármagn sem flyst á milli ára hækkaði um tæpar 21,6 m.kr., en hækkaði um rúmar 9,8 m.kr. frá 2022-2022. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur mikla áherslu á að fjármunir til samninganna séu nýttir innan ársins og þessi niðurstaða er því ekki enn alveg í samræmi við þá áherslu, þó svo miði áfram í rétta átt.

3. KAFLI SAMRÁÐSVETTvangar LANDSHLUTA

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta. Um er að ræða vettvang sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvang í hverjum landshluta og gæta þar lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða. Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunarinnar og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega. Í töflu 3 má sjá upplýsingar um fulltrúa í samráðsvettvangi hvers landshluta.

TAFLA 3. SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTvöNGUM

	Vestur-land	Vestfirðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Suðurnes	Höfuð-borgar-svæðið	Samtals
Atvinnulífið	4	7	32	17	18	6	6		90
Félagasamtök	2	1	5	3	5	4	2		22
Fræðasamfélag	5	5	13	8	4	6	5		46
Kjörnir fulltrúar	12	13	15	18	10	16	12	79	175
Menningarlífið	2	5	10	8	10	6	2		43
Opinberar stofnanir	5	0	13	22	18	2	5		65
Annað (óflokkað)	0	0	9	7	1	0	1		18
Samtals:	30	31	97	83	66	40	33	79	459

	Vestur-land	Vestfirðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Suðurnes	Höfuð-borgar-svæðið	Samtals
<25 ára	1	0	4	3	1	2	2	0	13
25-39 ára	6	10	26	11	10	15	4	19	101
40-60 ára	20	20	48	61	46	15	22	49	281
>60 ára	3	1	19	8	9	8	5	11	64
Samtals:	30	31	97	83	66	40	33	79	459

	Vestur-land	Vestfirðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Suðurnes	Höfuð-borgar-svæðið	Samtals
Karlar	12	10	49	43	32	20	20	33	219
Konur	18	21	48	40	34	20	13	46	240
% hlutfall kvk	60,0%	67,7%	49,5%	48,2%	51,5%	50,0%	39,4%	58,2%	52,3%
Samtals:	30	31	97	83	66	40	33	79	459

Tafla 3 er þrískipt og sýnir atvinnu, aldur og kyn fulltrúa í hverjum samráðsvettvangi, samtals 459 fulltrúar í öllum sjö landshlutunum sem er sama tala og árið 2022.

Fyrsti hluti töflunnar sýnir flokkun eftir atvinnu. Kjörnir fulltrúar, þ.e. aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum, eru alls 175 (38,1%). Af 459 fulltrúum eru 90 úr atvinnulífinu, 65 fulltrúar koma frá opinberum stofnunum, 46 fulltrúar koma úr fræðasamfélaginu og 43 úr menningargeiranum. Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um bakgrunn fulltrúanna en eru ekki tæmandi þar sem vænta má að flestir geti flokkast undir fleiri en eitt svið, ekki hvað síst kjörnir fulltrúar.

Þegar litið er á aldursdreifingu er sem fyrr áhyggjuefni hve fáir koma úr yngsta aldursflokknum, 13 fulltrúar eða 2,8% sem er sama hlutfall og árið 2022. Sjö þessara þrettán eru á Norðurlandi. Meirihluti fulltrúa er úr aldurshópnum 40-60 ára, eða 281 talsins, sem er sama tala og á fyrra ári. Rúm 13,9% fulltrúa eru 60 ára og eldri sem er ívið lægra hlutfall en árið áður, en 22% fulltrúa eru á aldrinum 25-39 ára sem er sama hlutfall og 2022.

Kynjahlutfallið hefur verið nokkuð jafnt en á árinu 2023 voru konur 240 á móti 219 körlum og hlutfallið því 52,3% konum í hag. Einn landshluti nær ekki 40% viðmiðunarmarki jafnréttisлага,⁶ sem er á Suðurnesjum, en þar hallar á konur.

⁶ Kynjakvóti var leiddur í lög árið 2008. Í 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en í lögunum segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

4. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Á árinu 2023 var unnið að samtals 69 áhersluverkefnum á landinu öllu. Þar af voru 32 ný verkefni það ár eins og sjá má í töflunni hér að neðan. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Verkefnin geta staðið yfir í lengri eða skemmri tíma en þeim skal vera lokið fyrir árslok 2024 þegar gildistími sóknaráætlanasamninganna rennur út. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Í töflu 4 er listi yfir áhersluverkefnin 69 sem í gangi voru árið 2023, en ítarlegri umfjöllun um áhersluverkefni 2023 er í viðauka 2 aftast í greinargerðinni. Flest voru nýju verkefnin á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum (9) en engin á Norðurlandi vestra og Austurlandi (0). Samtals vörðu landshlutarnir átta rúnum 383 m.kr. til áhersluverkefna, auk móttframlaga heimamanna.

TAFLA 4. ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA, NÝ OG ELDRI VERKEFNI 2023

Vesturland
Ný verkefni 2023:
Sjálfbær atvinnuþróun á Vesturlandi
Óstaðbundin störf og hærri hlutdeild Vesturlands í opinberum störfum
Ímynd Vesturlands
Menningargróska á Vesturlandi
Eldri verkefni og í gangi 2023:
Lágmörkun úrtgangs
Vesturland er valkostur
Ný verkefni = 4 og eldri verkefni í gangi = 2, samtals 6 áhersluverkefni

Vestfirðir
Ný verkefni 2023:
Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum
Markaðssetning ferðaþjónustu
Ungmennalýðræði á Vestfjörðum
Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi á Vestfjörðum
Menntastefna, eftifylgni
Ný verkefni = 5 og eldri verkefni í gangi = 0, samtals 5 áhersluverkefni

Norðurland vestra
Eldri verkefni og í gangi 2023:
Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra og fjölgun starfa
Aukin nýsköpun í kennslu – FabLab
Stuðningsátak í ferðaþjónustu
Landshluti í forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum
Stuðningur við nýsköpun
Erlend samstarfsverkefni
Textíl Lab á Blönduósi
Barnamenningshátíð
Skrifstofusetur

Fjölmenningarkaffi
Ný verkefni = 0 og eldri verkefni í gangi = 10, samtals 10 áhersluverkefni

Norðurland eystra
Ný verkefni 2023:
Samfélagsleg áhrif af millilandaflugi á Norðurlandi eystra
Upptakturinn, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna
Aukinn sýnileiki Norðurlands eystra
Gull úr grasi
Útrýming malarvega á Norðurlandi eystra
Efning íslensku sem annars máls fyrir fullorðna
Félagsmiðstöð í skýjunum
Undirbúningur fyrir svæðisskipulag Norðurlands eystra
Líforkuver í Eyjafirði
Eldri verkefni og í gangi 2023:
Gullkistan: námsskráin og tækifærin - barnamenning
Lærisneið
Fræðsluáætlun varðandi umhverfis- og loftslagsmál
Ungmennabingur
Fiðringur, hæfileikakeppni grunnskóla
Stefnumótun og aðgerðaáætlanir í landnýtingu, orkuskiptum og ...
Ný verkefni = 9 og eldri verkefni í gangi = 6, samtals 15 áhersluverkefni

Austurland
Eldri verkefni og í gangi 2023:
Menningararfur og náttúra
Ný verkefni = 0 og eldri verkefni í gangi = 1, samtals 1 áhersluverkefni

Suðurland
Ný verkefni 2023:
Jafningjafræðsla á Suðurlandi
Starfamessa á Suðurlandi
Umhverfis Suðurland
Íbúakönnun
Nýsköpunargátt Suðurlands
Eldri verkefni og í gangi 2023:
Sóknarfæri Suðurlands
Synfóníuhljómsveit Suðurlands
Eldfjallaleiðin – The Volcano Trail
Menntahvöt
Sigurhæðir
Skjálftinn – hæfileikakeppni grunnskóla
Orkídea
Ný verkefni = 5 og eldri verkefni í gangi = 7, samtals 12 áhersluverkefni

Suðurnes
Ný verkefni 2023:
Efning landshlutasamtakanna
FabLab

Staða og framtíð Suðurnesja
Nýsköpunar- og þróunarsetur Suðurnesja
Skemmtiferðaskip á Reykjanesi – þróun og handbók
Reykjanes Geopark – úttekt UNESCO/GGN 2023
Ráðstefnur á Reykjanesi - markaðsáttak
Hreinsun strandlengjunnar á Reykjanesi
Gæði og hæfni í ferðþjónustu á Reykjanesi
Eldri verkefni og í gangi 2023:
Innviðagreining – Invest in Reykjanes
Ferðaleiðir á Reykjanesi
Myndabanki og efnisgerð fyrir Reykjanesið
Reykjanes Geopark – verkefni umbótaáætlunar
Ensk útgáfa á fagefni SSS og undirstofnana
Kolefnisbókhald sveitarfélaga á Suðurnesjum og Isavia
Ný verkefni = 9 og eldri verkefni í gangi = 6, samtals 15 áhersluverkefni

Höfuðborgarsvæðið
Ný verkefni 2023:
Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins
Almenningssamgöngur: ábati og markaðsgreining
Innleiðing hringrásarhagkerfis á höfuðborgarsvæðinu
Rafúrgangur – samstarf UTR, Sorpu og SSH
Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins – samstarf URN og SSH
Ný verkefni = 5 og eldri verkefni í gangi = 0, samtals 5 áhersluverkefni

5. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐIR LANDSHLUTA

Með samningum um sóknaráætlanir landshluta voru uppbyggingarsjóðir settir á laggirnar árið 2015 í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styrkja verkefni í samræmi við markmið hvernar sóknaráætlunar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast umsýslu sjóðanna og bera ábyrgð á þeim. Hver landshluti setur sér verklagsreglur um úthlutanir þar sem fram koma hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir frá umsækjendum, hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvaða viðmið gilda við mat verkefna.

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefndir fyrir uppbyggingarsjóðina. Fjöldi nefndarmanna er á bilinu þrjú til níu. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefnin falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis og móttframlag styrkþega að lágmarki jafn há upphæð.

Eftir að úthlutun hefur farið fram eru undirritaðir samningar við hvern styrkþega. Í samningunum er meðal annars kveðið á um að fjárstuðningur sé bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda sé í samræmi við umsókn eða endurskoðaða áætlun ef styrkur er lægri en óskað var eftir. Þá er kveðið á um greiðslur og fer það eftir upphæð styrks og samkomulagi við styrkhafa hvernig þeim er háttað.

Útgreiðsla styrkja er mismunandi milli landshluta en algengast er að styrkþegi fái greitt tiltekið hlutfall við undirritun samnings og síðan eftir framvindu. Úthlutanir voru í öllum tilvikum vel auglýstar og buðu landshlutasamtökin umsækjendum upp á aðstoð við umsóknir, meðal annars með viðtalstímum, vinnustofum og fundum. Úthlutað var einu sinni til tvisvar á árinu 2023. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um umsóknir annars vegar og styrki hins vegar, fjölda og upphæðir.

TAFLA 5. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI

